

AUGLÝSING

um endurskoðað deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð á Flötum í Garðabæ sem leysir eldra deiliskipulag af hólmi:

Deiliskipulag Flata.

Deiliskipulagssvæðið nær utan um allar íbúðagötur á Flötum. Það eru Garðaflöt, Stekkjarflöt, Smáraflöt, Lindarflöt, Hagaföt, Tjarnarflöt, Bakkaflöt, Móaföt, Markarflöt, Sunnuflöt og Brúarflöt.

Svæðið afmarkast við lóðarmörk við Stekkjarflöt til norðvesturs, við Vífilsstaðaveg til norðausturs, við lóðamörk Sunnuflatar 45 og 48 að opnu svæði til austurs og lóðamörk að útivistarsvæði til suðurs og suðvesturs.

Aðkoma að Flatahverfi er frá Vífilsstaðavegi. Í hverfinu eru 278 einbýlishús og 31 íbúð í raðhúsum. Samtals eru 309 íbúðir í hverfinu.

Helstu nýmæli deiliskipulagsins frá eldra skipulagi eru þær að breytingar verða á byggingarreitum margra íbúðarhúslóða og skilgreint er nýtingarhlutfall fyrir allar lóðir.

Skipulag Garðaflatar 16-18 er óbreytt frá eldra skipulagi.

Deiliskipulagið leysir af hólmi deiliskipulag sem samþykkt var í júlí 1961.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi. Deiliskipulag Flata sem samþykkt var í júlí 1961 fellur hér með úr gildi.

Garðabæ, 19. mars 2014.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. mars 2014